

Ed.

475. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

Frá nefndinni.

1. Í stað 3., 4. og 5. greina komi ný grein, er verður 3. grein, svohljóðandi:
Brot gegn 1. og 2. gr. varða 200 til 2000 króna sektum. Allar sektir renna í landssjóð.
2. Ný grein verði tekin upp, er telst 4. gr.:
Um sölu áfengis, sem ætlað er til verklegra afnota, hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki, setur Stjórnarráðið reglur því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að búa til úr því áfenga drykki eða haft til neyslu.
3. Við 6. gr., sem verður 5. gr.
Í stað orðanna: »reynt hefir verið að gera« komi:
gert hefir verið.
4. Í stað orðanna: »tilraun til þess« komi:
verknað þann.
5. 7. gr. verður 6. gr.
6. 8. gr. verður 7. gr.